

BORGARBRAUT FRÁ MERKIGILI AÐ BRÖTTUSÍÐU Á AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í hávaða frá umferð um nýja götu í grónu íbúðarhverfi, auk þess sem ónæði verður á framkvæmdatíma vegna vinnuvéla og þungaflutningsbifreiða. Fyrir liggur langtímaspá um umferðarþunga á Borgarbraut og telur Skipulagsstofnun ljóst að hljóðmanir, hljóðveggir eða aðrar sértækar aðgerðir á íbúðarhúsum þurfi að tryggja að hávaði við íbúðarhús verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða, þ.e. 55 dB(A). Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir verði kynntar fyrir íbúum, sem búa innan skilgreinds áhrifasvæðis, áður en framkvæmdir hefjast. Skipulagsstofnun telur einnig ljóst að loftgæði á svæðum næst fyrirhugaðri Borgarbraut munu rýrna miðað við núverandi aðstæður og telur að eðlilegt sé að fylgst verði með svifryksstyrk með mælingum þegar umferð um Borgarbraut fer að nálgast það magn sem gert er ráð fyrir í langtímaspá.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Borgarbrautar frá Merkigili að Bröttusíðu á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð veglagning er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og gildandi deiliskipulag Borgarbrautar-Vestursíðu. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.

INNGANGUR

Þann 8. apríl 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Akureyrarbæ um fyrirhugaða lagningu Borgarbrautar frá Merkgigli að Bröttusíðu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 29. apríl 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 2. maí 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. apríl 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Akureyrarbæ með tölvubréfi dags. 3. maí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að búið sé að leggja stóran hluta Borgarbrautar frá Glerárgötu upp með Glerá, þvert yfir Hlíðarbraut og að Merkgigli. Fyrirhugað sé nú að ráðast í lagningu Borgarbrautar frá Merkgigli í suðri að Bröttusíðu í norðri, um 430 m leið og muni Borgarbraut tengjast inn á Bröttusíðu, sem þegar sé til staðar, með um 25 m langri tengingu. Fram kemur að breidd Borgarbrautar verði 7,5 m en auk þess sé gert ráð fyrir um tveggja metra breiðum vegöxlum utan götukanta og þriggja metra breiðum göngu- og hjólreiðastíg vestan götunnar. Fjarlægð á milli lóðarmarka við Vestursíðu og Urðargil, en fyrirhugað sé að leggja Borgarbraut á milli þessara gatna, sé minnst um 35 m en norðar séu aðeins lóðir austan Borgarbrautar. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdasvæðið miðist við vegstæðið sjálft ásamt því svæði sem fari undir hljóðvarnir og göngustíga meðfram götunni og verði því milli 30-50 m breitt. Markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum sé að stytta akstursvegalengdir, tengja hverfi betur saman, gera gatnakerfi Akureyrar heilsteypara og stuðla þannig að jafnari dreifingu umferðar.

Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir þurfi að fjarlægja um 5.000 m³ af efni úr götustæðunum og verði hluti þess efnis nýttur í gerð jarðvegsmana meðfram götunni en það sem eftir standi muni verða nýtt í jarðvegsfyllingar í bæjarlandinu. Um 6.000 m³ af efni þurfi í fyllingar undir götuna sem sótt verði í námur með rekstrarleyfi í Eyjafirði og/eða Hörgárdal.

Fram kemur að hámarksúmferðarhraði á Borgarbraut muni verða 50 km/klst. Í skammtíaspá hafi verið gert ráð fyrir 2000-4000 þúsund ökutækjum á sólarhring á Borgarbraut en í langtíaspá allt að 9000 þúsund bílum. Gert sé ráð fyrir að ráðast þurfi í byggingu 1,5-2 m hárra hljóðvarna eða hljóðveggja á köflum beggja vegna Borgarbrautar. Gert sé ráð fyrir að Borgarbraut, frá Merkgigli að Bröttusíðu, verði lögð í einum áfanga á árinu 2013.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að grípa þurfi til mótvægisáðgerða vegna hávaða frá umferð á Borgarbraut við hús við Vestursíðu, Skessugil og Urðargil til að ná jafngildishljóðstigi niður fyrir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða, sem sé 55 dB utan við opnanlegan glugga. Við Urðargil þurfi að reisa 1,5 m háar hljóðvarnir við hús nr. 2, 4, 6 og 8, alls um 180 m að lengd. Við Skessugil sé þörf á um 1,5 m háum hljóðvörnum við hús nr. 3 og 5, alls um 70 m að lengd. Ennfremur þurfi að reisa 1,5 m háar hljóðvarnir við hús nr. 6, 8a og 8b við Vestursíðu, alls um 180 m að lengd og 2,0 m háar og 120 m langar hljóðvarnir við hús nr. 18 við Vestursíðu. Auk þess þurfi að breyta húsnæði við Vestursíðu 18 þannig að uppfylla megi kröfur reglugerðar um hávaða við íbúðahús, sem gæti m.a. falist í að setja hljóðeinangrandi gler í glugga og/eða að hafa óopnanlega glugga.. Fram kemur að þar sem pláss leyfi verði hljóðvarnir jarðvegsmanir með grasfyrirborði og tré gróðursett við manirnar. Jarðvegsmanir

verði ekki gerðar við Vestursíðu 6, 8a og 8b en þar verði í staðinn settir um 1,5 m háir hljóðveggir á lóðarmörkum meðfram Borgarbraut og Bugðusíðu.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að tilkoma Borgarbrautar muni stytta akstursvegalengdir innan Akureyrar en ólíklegt sé að hún dragi að ráði úr heildarumferð um götur bæjarins. Með styttri vegalengdum sé líklegt að draga muni úr útblæstri lofttegunda frá bifreiðum í heildina. Fram kemur að umfang loftmengunar vegna umferðar um Borgarbraut hafi ekki verið metið. Hins vegar er vísað til mælinga á svifryki og útblæstri lofttegunda á fjölförnum gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar á Akureyri, sem megi nota til viðmiðunar, en um gatnamótin fari 10.000 – 13.550 bílar á sólahring. Samkvæmt reglugerð nr. 251/2002 megi svifryk að jafnaði fara yfir heilsuverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) sjö daga á ári og köfnunarefnisdíoxíð megi að jafnaði fara yfir heilsuverndarmörk ($75 \mu\text{g}/\text{m}^3$) sjö daga á ári. Á tveggja ára tímabili hafi svifryk á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar mælst fimm sinnum við eða yfir heilsuverndarmörkum en köfnunarefnisdíoxíð hafi aldrei mælst yfir heilsuverndarmörkum á því tímabili. Fram kemur að langtímaspá geri ráð fyrir því að umferð um Borgarbraut verði allt að 9.000 bílar á sólahring og mögulega muni verða staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði í næsta nágrenni Borgarbrautar og ryk í lofti aukast frá því sem nú sé. Umferð um Borgarbraut verði álíka eða minni en við áðurnefnd gatnamót og sé því ekki talið að loftmengun vegna útblásturs bílaumferðar verði yfir heilsuverndarmörkum vegna umferðar um Borgarbraut. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu því ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á loftgæði, hvorki við Borgarbraut né við hús í nánd við götuna.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að líklegt sé að Borgarbraut og hljóðvarnir umhverfis hana geti valdið staðbundnum neikvæðum sjónrænum áhrifum í íbúðarbyggðinni. Hönnun og frágangur hljóðvarna og umhverfi götunnar muni leiða til þess að þessi áhrif verði veruleg, sér í lagi þar sem gatan liggur í raun á milli tveggja íbúðarhverfa.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 sé gert ráð fyrir Borgarbraut sem tengibraut og sé svæðið vestan götunnar skilgreint sem óbyggt svæði en sem íbúðarsvæði austan hennar. Þá sé í gildi deiliskipulag Borgarbrautar-Vestursíðu og sé deiliskipulagið í samræmi við gildandi aðalskipulag.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í framlögðum gögnum sé gerður samanburður á loftgæðum á fyrirhugaðri Borgarbraut annars vegar og gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar hins vegar og dregin sú ályktun að loftgæði á Borgarbraut verði ekki verri hvað varðar svifryk og köfnunarefnisdíoxíð. Tímabilið sem miðað hafi verið við sé eitt ár frá 15. des. 2010 - 15. des. 2011. Umhverfisstofnun vill benda á að á umræddu tímabili hafi ástand á fyrrnefndum gatnamótum verið óvenju gott miðað við næstu ár á undan og eftir. Því sé vart um marktækan samanburð að ræða. Stofnunin telur jafnframt að lágur hljóðmanir bæti óverulega loftgæði í þeim húsum sem næst verði Borgarbraut og að loftgæði og hljóðvist í þeim húsum muni versna verulega frá því sem nú sé. Með fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum ætti þó að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum, a.m.k. hvað hljóðvist varðar.

Í svörum Akureyrarbæjar kemur fram að hægt sé að fallast á að þær mælingar á loftgæðum á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvagötu, sem hafðar voru til hliðsjónar, séu vart marktækar.

Ekki sé, að mati Akureyrarbæjar, hægt að fullyrða um hvort lágur hljóðmanir bæti loftgæði í nálægum húsum. Þó megi gera ráð fyrir að manirnir og gróður á þeim verði heldur til bóta.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á að á framkvæmdatíma sé mikilvægt að huga vel að slysavörnum vegna barna og almennrar umferðar. Einnig að ráðstafanir verði gerðar til þess að hindra jarðvegsfok og að jarðvegur berist með vinnutækjum út fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði, til að draga úr hættu á svifrykismengun. Skýlt sé að fylgjast með hávaða og loftgæðum og grípa til mótvægisáðgerða eftir þörfum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu Borgarbrautar frá Merkgili í suðri að Bröttusíðu í norðri, um 430 m leið og mun Borgarbraut tengjast inn á Bröttusíðu með um 25 m langri tengingu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að Borgarbraut verður lögð um kyrrlátt svæði sem er í dag óbyggt mólendi í grennd við íbúðarbyggð. Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í hávaða frá umferð um nýja götu í hverfinu, auk þess sem ónæði verður á framkvæmdatíma vegna vinnuvéla og þungaflytningabifreiða. Þá munu hljóðmanir mögulega hafa neikvæð sjónræn áhrif. Fyrir liggur langtímaspá um umferðarpunga á Borgarbraut og telur Skipulagsstofnun ljóst að hljóðmanir, hljóðveggir eða aðrar sértækar aðgerðir á íbúðarhúsum þurfi að tryggja að hávaði við íbúðarhús verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða, þ.e. 55 dB(A) eins og fyrirhugað er af hálfu Akureyrarbæjar. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að þessu verði fylgt eftir með reglubundnum mælingum á hljóðstigi frá umferð við hús í nágrenni brautarinnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir verði kynntar fyrir íbúum, sem búa innan skilgreinds áhrifasvæðis, áður en framkvæmdir hefjast.

Skipulagsstofnun telur einnig ljóst að loftgæði á svæðum næst fyrirhugaðri Borgarbraut munu rýrna miðað við núverandi aðstæður og óvíst sé hvort að lágur hljóðmanir munu að einhverju leyti draga úr neikvæðum áhrifum svifryks vegna umferðar. Stofnunin telur að eðlilegt sé að fylgst verði með svifryksstyrk með mælingum þegar umferð um Borgarbraut fer að nálgast það magn sem gert er ráð fyrir í langtímaspá.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Borgarbrautar frá Merkgili að Bröttusíðu á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð veglagning er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og gildandi deiliskipulag Borgarbrautar-Vestursíðu. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigmar Steingrímsson

